

# Fundargerð

Fimmti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal

Fjarfundur haldinn á Teams 4. apríl 2022

## Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ásta Hermannsdóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Lovísa Ásbjörnsdóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar

## Dagskrá:


1. Hvar er vinnan stödd og hvað er eftir – sbr. verk- og tímaáætlun
2. Farið yfir 2. og 3. kafla og aðgerðir
3. Önnur mál frá samstarfshópi
4. Næstu skref

## Fundarefni:

1. Samkvæmt verk- og tímaáætlun þá vinnur samstarfshópurinn núna í 3. og 4. áfanga.
2. 2. Kafli - umræður
  - a. Varðandi útivistarskipulag í Þjórsárdal? Hvernig er best að vitna í skipulagið – samkvæmt sveitarfélaginu þá er útivistarskipulagið í vinnslu, vitna í rammaskipulag sem er í gildi.
  - b. Heimildir varðandi jarðminjakaflann – fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands finnur þær til.
  - c. Umræður að vinna vistgerðarkort þar sem helstu vistgerðir sem hafa hátt verndargildi verða dregnar fram, samstarfshópur sammála um það.
  - d. Gögn varðandi minjastaðsetningar (skráningin), afmörkunin á minjasvæðinu. Fá upplýsingar frá Minjastofnun Íslands um minjaskráninguna til að setja á kort – eða með hlekk á kort - sveitarfélagið gefur heimild til að nýta upplýsingar um minjaskráningu í stjórnunar- og verndaráætlun og þau skjöl sem henni fylgja.
  - e. Sveitarfélagið heldur utan um veiðiréttindi í ám innan verndarsvæðisins

### 3. 3. Kafli – umræður

- a. Komið fjármagn fyrir áningarsvæði við Háafoss til að gera deiliskipulag með tilliti til verndun náttúru og móttöku gesta.
- b. Gera áætlun um samráð við helstu hagsmunaaðila.
- c. Fræðslu og upplýsingaskilti við fornminjar – stefnt á að þær verði unnar í samvinnu við Minjastofnun Íslands – til að gæta samræmingu í fræðslu og upplýsingagjöf.
- d. Ekki er gert ráð fyrir að þjónustuvæðum innan verndarsvæðisins verði fjölgað heldur staðið verði vel að viðhaldi og uppbyggingu þeirra sem fyrir eru og eru á samþykktu skipulagi þegar áætlun þessi er gefin út, samstarfshópur sammála þessu.
- e. Heimild Umhverfisstofnunar til að loka gönguleiðum vegna ófærðar og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur – UST hefur aðeins heimild til að loka vegna náttúruverndar og þess vegna gæti heimildin verið nýtt af öryggisástæðum fyrir gesti, er þörf á að setja þetta inn vegna öryggismála? Samstarfshópur sammála um að hafa þetta inni Geta skapast lífshættulegar aðstæður vegna veðurs.
- f. Fjármagn fyrir hönnun og byggingu á salernishúsi við Stöng mun koma á næsta ári. Umhverfisstofnun stefnir á að leigja salernisgáma fyrir sumarið.
- g. Í sumar verður alltaf einn landvörður á vakt en æskilegt væri að hafa tvo yfir háannatímamann.
- h. Aðgengi við Stöng – Minjastofnun og UST stefna á að fara í vettvangsferð og sammælast um aðgerðir til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að Stöng. Núverandi aðgerðir duga ekki til. Æskilegt væri að bundið slitlag verði sett á göngustíginn.
- i. Göngustígur að Hjálparfossi verður tekinn til skoðunar með tilliti til aðgengi hreyfihamlaðra.
- j. Umræður um áningarsvæði með upplýsingaskiltum svo fólk átti sig á fjarlægðum og staðsetningu.
- k. Umræður um styrkvegaskjöld - hægt að sækja um til 15. apríl ár hvert.
- l. Rætt var mikilvægi þess að Umhverfisstofnun og Minjastofnun vinni saman að uppsetningu skilta og vegvísa inn á svæðinu.
- m. Fræðsluáætlun verði unnin í samstarfi við Minjastofnun.
- n. Þyrlufyrirtæki náðu ekki að koma á samráðsfund á meðan á vinnu við áætlunina stóð yfir. Sett verður inn í aðgerðaráætlun að skoða þörfin á að skilgreina sérstaka lendingarstaði.
- o. Varðandi sérreglu – setja inn sérreglu um heimild til að loka gönguleiðum vegna veðurs. Sérregla varðandi hjólréiðar, skilgreint í auglýsingu að það eigi að skilgreina hjólastíga – þarf að útfæra nánar í áætlun. Varðandi reglu um hundahald í Gjánni, vinsælt útivistarsvæði fyrir fjölskyldur, í dag er bannað að vera með hunda í Gjánni, skoða að leyfa hunda í bandi.
- p. UST fékk fjármagn við áframhaldandi vinnu við göngustígagerð í Gjánni. Samstarfshópur sammála um að stígurinn er vel heppnaður á milli Gjárinnar og Stangar.

- 
4. Næstu skref – kafli um dýralíf (2.2.3.) verður unninn af fulltrúum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fulltrúar Umhverfisstofnunar klára að fínpússa kaflana og senda á samstarfshóp áður en áætlunin fer í formlegt kynningarferli.